

Menntaskólinn að Laugarvatni
02 303

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymsyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Menntaskólinn að Laugarvatni

kt. 460269-2299

Skólatúni 1, 840 Laugarvatn

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn að Laugarvatni er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Skólinn er framhaldsskóli og heimvistarskóli, sem starfar eftir bekkjakerfi. Nánast allir nemendur skólans dvelja á heimavist og kaupa fæði í móttuneyti skólans.

Starfsemin fellur undir málefnavnið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 504,6 milljónir og afkoma kr. -14,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -45,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 51,2 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans að Laugarvatni fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	448.093.000	440.520.000
Aðrar tekjur		1.596.000	1.536.000
Seld þjónusta		244.494	263.106
Vörusala		5.398.610	6.759.359
Framlög og ýmsar tekjur	3	41.627.693	35.660.180
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.630.883	6.914.798
Tekjur samtals		504.590.680	491.653.443
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	328.377.965	308.390.218
Annar rekstrarkostnaður	5	183.418.699	176.362.034
Afskriftir og niðurfærslur	6	7.630.883	6.914.798
Gjöld samtals		519.427.547	491.667.050
Afkoma fyrir fjármagnsliði			
		(14.836.867)	(13.607)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		191.818	60.481
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(6.028)	(6.623)
Afkoma ársins		185.790	53.858
		(14.651.077)	40.251
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum			
Rekstur	2	(15.624.077)	40.251
Rekstrartilfærslur		973.000	0
Afkoma ársins		(14.651.077)	40.251

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	7	17.764.400	25.519.548
Viðskiptakröfur		5.865.390	5.849.546
Tengdir aðilar	8	67.464	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	26.906.112	24.130.213
Óefnislegar eignir	10	608.291	0
Eignir samtals		51.211.657	55.499.307
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	40.081.212	36.702.412
Viðskiptaskuldir		7.997.102	4.347.129
Ýmsar skammtímaskuldir	11	12.451.352	14.457.086
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	36.265.721	30.925.333
Skuldir samtals		96.795.387	86.431.960
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		(45.583.730)	(30.932.653)
Eigið fé			
Hrein eign	13	(45.583.730)	(30.932.653)
Eigið fé samtals		(45.583.730)	(30.932.653)
Eigið fé og skuldir samtals		51.211.657	55.499.307
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(14.651.077)	40.251
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir	6	7.630.883	6.914.798
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.630.883)	(6.914.798)
		(14.651.077)	40.251
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(15.844)	(696.159)
Tengdir aðilar		5.267.534	18.605.368
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.644.239	1.180.413
		6.895.929	19.089.622
		(7.755.148)	19.129.873
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(688.631)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(7.255.171)	(4.585.132)
		(7.943.802)	(4.585.132)
Fjármögnumnarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	4.085.132
Fjárfestingarfamlag		7.943.802	500.000
		7.943.802	4.585.132
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(7.755.148)	19.129.873
		25.519.548	6.389.675
		17.764.400	25.519.548

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	407.700.000	0	9.900.000	417.600.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda				
Launabætur	8.900.000	0	0	8.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	30.520.000	973.000	0	31.493.000
Fjárveiting ársins	447.120.000	973.000	9.900.000	457.993.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(30.932.653)	0	6.795.120	(24.137.533)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	416.187.347	973.000	16.695.120	433.855.467
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(462.744.077)	0	(7.943.802)	(470.687.879)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	(46.556.730)	973.000	8.751.318	(36.832.412)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atríði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaveignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þær með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bólfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	10 ár / óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023		
2 Tekjufærsla fjárveitinga				
Fjárveiting ársins	448.093.000	440.520.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.630.883	6.914.798		
	455.723.883	447.434.798		
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	407.700.000	0	0	407.700.000
Launabætur	8.900.000	0	0	8.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	30.520.000	973.000	0	31.493.000
Fjárveiting til tekna	447.120.000	973.000	0	448.093.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(462.744.077)	0	0	(462.744.077)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(15.624.077)	973.000	0	(14.651.077)
	2024	2023		
3 Framlög og ýmsar tekjur				
Leigutekjur	37.369.277	30.795.442		
Afnotagjöld	613.363	584.655		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	1.019.000	2.870.228		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.626.053	1.409.855		
	41.627.693	35.660.180		
4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður				
Laun	268.385.825	249.783.774		
Orlof, breyting	(2.005.734)	884.143		
Launatengd gjöld	61.972.974	57.698.801		
Starfsmannakostnaður	24.900	23.500		
	328.377.965	308.390.218		
Meðalfjöldi stöðugilda	21,3	25,7		
5 Annar rekstrarkostnaður				
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.740.047	2.696.878		
Byggingarvörur, almennar	57.651	(969.571)		
Byggingarvörur, aðrar	113.445	132.749		
Tæki og búnaður til innréttингa	0	73.458		
Ýmis tæki og áhöld	65.484	610.254		
Varahlutir og viðhaldsvörur	102.027	172.241		
Orkugjafar	8.107.554	5.941.657		
Matvæli	2.320.379	1.208.267		
Almennar rekstrarvörur	1.120.994	1.061.126		
Vörukaup, almenn	13.627.581	10.927.059		
Kennslu- og föndurvörur	375.039	431.539		
Ýmsar sérgreindar vörur	14.138	15.488		
Vörukaup, sérgreind	389.177	447.027		

Skýringar

	2024	2023
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	946.180	610.005
Ferðir, uppihald	286.528	2.191.388
Akstur	7.896.746	9.315.102
Sérfræðiþjónusta	8.557.995	6.995.156
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	324.121	310.521
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	515.994	730.716
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	611.086	824.308
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>19.138.650</u>	<u>20.977.196</u>
Samningsbundin kaup og leiga	0	131.437
Afnotagjöld	6.723.925	5.160.693
Leigugjöld	137.502.852	129.743.976
Notkun véla og flutningatækja	149.500	132.000
Verkkaup	4.733.863	5.851.496
Kostnaðarhlutdeild	476.575	998.076
Tryggingar, lögbóðnar	323.223	287.521
Opinber gjöld	228.728	279.409
Tilfærslur	115.135	730.080
Tapaðar kröfur	0	530.413
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>150.253.801</u>	<u>143.845.101</u>
Vörukaup	9.490	165.651
Vörur til endursölu og birgðabreyting	9.490	165.651
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>183.418.699</u>	<u>176.362.034</u>
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.373.818	5.150.086
Farartæki og vélar	1.442.416	1.442.416
Aðrar eignir	155.890	322.296
Sölutap og úreltar eignir	1.578.419	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	80.340	0
	<u>7.630.883</u>	<u>6.914.798</u>
	31.12.2024	31.12.2023
7 Handbært fé		
Tékkareikningar	17.553.831	25.313.569
Sparisjóðsreikningar	210.569	205.979
	<u>17.764.400</u>	<u>25.519.548</u>

Stofnunin hefur tekið til vörsu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 6,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

31.12.2024

31.12.2023

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar	67.464	0
	67.464	0

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	39.082.457	36.554.992
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	998.755	147.420
	40.081.212	36.702.412

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	21.056.966	16.682.761
Farartæki og vélar	5.255.330	6.697.746
Aðrar eignir	593.816	749.706
	26.906.112	24.130.213

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	69.550.136	11.903.333	0	5.626.295	87.079.764
Viðbætur á árinu	7.255.171	0	0	0	7.255.171
Selt/úrelt á árinu	1.539.033	0	0	0	1.539.033
	78.344.340	11.903.333	0	5.626.295	95.873.968
Afskriftir 01.01.2024	52.867.375	5.205.587	0	4.876.589	62.949.551
Afskrift ársins	4.373.818	1.442.416	0	155.890	5.972.124
Selt/úrelt á árinu	46.181				46.181
	57.287.374	6.648.003	0	5.032.479	68.967.856
Staða 31.12.2024	21.056.966	5.255.330	0	593.816	26.906.112

31.12.2024

31.12.2023

10 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir	608.291	0
	608.291	0

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:

Stofnverð 01.01.2024	0
Viðbætur á árinu	688.631
	688.631
Niðurfært 01.01.2024	0
Niðurfærsla ársins	80.340
	80.340
Staða 31.12.2024	608.291

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023	
11 Ýmsar skammtímaskuldur			
Ógreitt orlof	12.451.352	14.457.086	
	<u>12.451.352</u>	<u>14.457.086</u>	
12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga			
Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.			
	31.12.2024	31.12.2023	
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	27.514.403	24.130.213	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	<u>8.751.318</u>	<u>6.795.120</u>	
	<u>36.265.721</u>	<u>30.925.333</u>	
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	24.130.213	6.795.120	30.925.333
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	9.900.000	9.900.000
Áhrif seldra eigna	3.071.271		3.071.271
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7.255.171	(7.255.171)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	688.631	(688.631)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(7.630.883)</u>	0	<u>(7.630.883)</u>
	<u>27.514.403</u>	<u>8.751.318</u>	<u>36.265.721</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 6,4 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(30.932.653)	(30.972.904)
Afkoma ársins	<u>(14.651.077)</u>	<u>40.251</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(45.583.730)</u>	<u>(30.932.653)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsingar eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 140,4 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 6,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.